

Til: Allsherjarnefndar Alþingis *komudagur 28.2.2004* Dags: 20.02.04

Málsnúmer:

Efni: Umsögn um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998., 130. löggjafarþing, þskj. 165, 163 mál.

Óskað var eftir umsögn Ungra jafnaðarmanna um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 sem flutt er af Jóhönnu Sigurðardóttur ofl.

Í tillögunni eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

1. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. 18. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:
Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 18 ára. Þó er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22% þeim sem er yngri en 20 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í c-lið 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna reynsluna af lækun aldursmarka í 18 ár til kaupa á léttvíni og bjór frá gildistöku laga þessara. Nefndin skal taka til starfa 1. janúar 2007 og skila Alþingi skýrslu um athuganir sínar í upphafi þings árið 2008. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði

Um þetta vilja Ungir jafnaðarmenn taka fram eftirfarandi:

1. gr.

Ungir jafnaðarmenn telja breytinguna eins og hún kemur fyrir vera skynsamlega til að útrýma því ósamræmi sem er í núverandi lögum. Þó gerum við efasemdir við að draga mörkin við 22% vínandastyrkleika og teljum að stefna eigi að því að 18 ára einstaklingar búi við sömu réttindi hvað þessi mál varðar og þeir sem eru yfir tvítugu. Ungir jafnaðarmenn telja engin siðferðisleg rök vera fyrir því að mismuna réttindum einstaklinga sem eru orðnir lögráða, eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins.

2. gr.

Ungir jafnaðarmenn gera ekki athugasemd við þennan lið.

3. gr.

Ungir jafnaðarmenn hafa miklar efasemdir um að hægt sé að meta árangur af þessari lagabreytingu aðeins tveimur árum eftir að frumvarpið verður að lögum. Mælingar af þessu tagi verða að ná yfir lengra tímabil til að geta talist samanburðarhæfar við fyrra ástand.